

## Þjónustusamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, og Íþróttafélagið Fjörður kt. 500692-2279, hér eftir nefnt Fjörður gera með sér samning um þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarfélaginu.

### I. Umfang samnings

#### 1. gr.

Samningurinn tekur til allrar þeirra þjónustu sem Fjörður veitir íbúum í Hafnarfirði og með hvaða hætti Hafnarfjarðarbær greiðir félaginu fyrir þjónustuna.

Aðalstjórn Fjarðar ber ábyrgð á framgangi samningsins og fær til þess fast framlag sem ákvarðað er við gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert, skv. 5 gr.

Samningsaðilar skulu funda varðandi framkvæmd þeirrar þjónustu sem Fjörður veitir Hafnfirðingum. Fundirnir skulu fara fram í október ár hvert.

### II. Þjónustuframlag Fjarðar

#### 2. gr.

Fjörður býður upp á skipulagða íþróttþjálfun í Hafnarfirði. Samstarf Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin í bænum tekur mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis og forvarnarstarf. Markmið Hafnarfjarðarbæjar er að stuðla að því að allir bæjarbúar eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna.

#### 3. gr.

Fjörður skal reka skrifstofu sem fer með yfirstjórn íþróttamála og hefur það meginhlutverk að halda utan um fjárreiður og bókhald mannvirkja og deilda þess eins og lög og samningar gera ráð fyrir. Félagið skuldbindur sig að fara eftir þeim skilmálum sem bærinn hefur sett hvað varðar árshlutareikning, ársreikninga og fjárhagsáætlanir skv. 8. gr. Önnur verkefni skrifstofu eru meðal annars:

- Að sjá um gerð starfsskýrslu ÍSÍ, sem send er til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.
- Að stuðla að auknu samstarfi einstakra deilda félagsins og/eða annarra íþróttafélaga varðandi skipulag, fjáraflanir, nýtingu á æfingatíma og annars íþróttastarfs.
- Skipuleggja íþróttastarf fyrir börn og unglinga þar sem hreyfing, gleði og ánægja fyrir öll börn er í fyrirrúmi.
- Setja upp æfingatöflu sem skal liggja fyrir í lok ágúst ár hvert.
- Ráða þjálfara og bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjálfunar barna og unglinga.
- Vekja áhuga foreldra á þátttöku í íþróttastarfi barnanna.

### III. Gæðaviðmið

#### 4. gr.

Fjörður skal starfa í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga, hafa skýr markmið og útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem markmið þjálfunar í hverjum aldursflokki fyrir sig koma fram og áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Stefnt skal að því að bókhald yngri flokka, yngri en 18 ára, og eldri flokka skuli vera aðskilið og að því verði lokið eigi síðar en í lok árs 2018. Þjálfarar skulu hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ og aðstoðarþjálfarar til staðar ef um stóra hópa er að ræða. Þjálfarar og annað starfsfólk íþróttafélaga sem starfar með börnum og unglingum skulu sækja námskeið um barnavernd sem Hafnarfjarðarbær skipuleggur þeim að

OR H H

kostnaðarlausu. Íþróttafélag skal sinna til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar og taka tillit til mismunandi þjóðfélagshópa (fötlun, búseta, þjóðerni, litarháttur). Íþróttafélög geta sótt um fjárstuðning fyrir stuðningsfulltrúa vegna þátttöku fatlaðra barna í almennum hópum í sjóð sem er í umsjón Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbær og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar fylgjast með að farið sé eftir gæðaviðmiðum, sjá fylgiskjal 3.

#### IV. Forsendur fyrir framlagi

5. gr.

Íþróttafélögum er raðað í átta meginflokkva skv. fylgiskjali 1 – „Forsendur fyrir framlagi til félaga“. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar skrifstofu íþróttafélags og þjónustu þess við bæjarbúa fer eftir fjölda iðkenda 0-18 ára í félögum með lágmark 50 iðkendu. Iðkandi er sá félagsmaður í íþrótt- eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins að minnsta kosti einu sinni í viku í 10 vikur. Fjörður heimilar Hafnarfjarðarbæ að fá beint frá miðlægum gagnagrunni Nora, ópersónugreinanlegar upplýsingar um fjölda iðkenda 18 ára og yngri eftir aldri, kyni og búsetu og sá fjöldi ræður flokkun íþróttafélaga frá 2017.

Framlag í flokki II-VIII greiðist með mánaðarlegum greiðslum en árlega í flokk I. Röðun íþróttafélaga og framlag til þeirra endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar.

**Þá skuldbindur Hafnarfjarðarbær sig til þess að greiða Firði 400.000 kr. í rekstrarstyrk til þess að standa straum af ýmsum kostnaði sem fylgir því að halda uppi öflugri íþróttastarfsemi fyrir fatlaða.**

6. gr.

Fjörður fær til úthlutunar tímum í íþróttamannvirkjum sem bærinn hefur aðgang að á hverjum tíma. Tímafjöldi til úthlutunar ákveður Íþrótt- og tómsbundanefnd hverju sinni sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar sér síðan um að skipta milli aðildarfélaga og skal gæta þess að jafnræði verði í þeirri úthlutun.

#### V. Upplýsingaskylda Fjarðar og viðurlög

7. gr.

Firði er skylt að halda bókhald vegna rekstrar íþróttafélagsins sem fært er samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a) Fjörður skal skila rekstraráætlun til íþróttafulltrúa fyrir 15. september ár hvert.
- b) Fjörður skal skila árshlutauppgjöri til íþróttafulltrúa fyrir janúar til og með júní 15. september ár hvert.
- c) Fjörður skal skila ársreikningi til íþróttafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

8. gr.

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjölum, frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði félagið ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðarmótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. Fjörður getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

9. gr.

9. gr.

Telji íþróttafulltrúi að rekstur Fjarðar sé ekki samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, gæðaviðmið sem sett eru í samningi þessum, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði félagið ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðarmótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

10. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2016 og gildir til 31. desember 2021 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara. Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi fyrri samningur um rekstrarstyrk milli Hafnarfjarbæjar og Fjarðar frá 10. febrúar 2006.

11. gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

12. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 21. september 2016

Fh. Íþróttafélagsins Fjarðar  
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

  
\_\_\_\_\_

Fh. Hafnarfjarðarbæjar  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

  
  
\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri dagssetningu og undirskrift aðila:

\_\_\_\_\_

## Fylgiskjal 1: Forsendur fyrir framlagi til félaga

Fjöldi iðkenda 0-18 ára samkvæmt Felixgögnum ráða flokkun íþróttafélaga með fleiri en 50 iðkendum árið 2016 en aðilar eru sammála um að finna talningaleið upp úr Noragögnum fyrir úthlutun eftir það:

Iðkendumur	Flokkur
>50	I
>150	II
>300	III
>600	IV
>900	V
>1200	VI
>1800	VII
>2200	VIII

Félag með fleiri en 50 iðkendum fer í flokk I

Félag með fleiri en 150 iðkendum fer í flokk II

Félag með fleiri en 300 iðkendum fer í flokk III

Félag með fleiri en 600 iðkendum fer í flokk IV

Félag með fleiri en 900 iðkendum fer í flokk V

Félag með fleiri en 1200 iðkendum fer í flokk VI

Félag með fleiri en 1800 iðkendum fer í flokk VII

Félag með fleiri en 2200 iðkendum fer í flokk VIII

OK  
A. L. J.

## Fylgiskjal 2: Framlag 2016

Yfirlýsing Hafnarfjarðarbæjar

Flokkur	Framlag	2016	Samtals
I	Rekstur skrifstofu	800.000 kr.	800.000 kr.
II	Rekstur skrifstofu	800.000 kr.	2.160.000 kr.
	20% íþróttastjóri	1.360.000 kr.	
III	Rekstur skrifstofu	800.000 kr.	3.520.000 kr.
	40% íþróttastjóri	2.720.000 kr.	
IV	Rekstur skrifstofu	800.000 kr.	4.880.000 kr.
	60% íþróttastjóri	4.080.000 kr.	
V	Rekstur skrifstofu	800.000 kr.	6.240.000 kr.
	80% íþróttastjóri	5.440.000 kr.	
VI	Rekstur skrifstofu	1.200.000 kr.	10.000.000 kr.
	100% framkvæmdastjóri	8.800.000 kr.	
VII	Rekstur skrifstofu	1.200.000 kr.	12.720.000 kr.
	100% framkvæmdastjóri	8.800.000 kr.	
	40% íþróttastjóri	2.720.000 kr.	
VIII	Rekstur skrifstofu	1.200.000 kr.	15.440.000 kr.
	100% framkvæmdastjóri	8.800.000 kr.	
	80% íþróttastjóri	5.440.000 kr.	

WR d. 2. 11

Fylgiskjal 3:

<i>Gátlisti v/ gæðakrafa</i>						
<b>1</b>	<b><i>Skipulag félags/deildar:</i></b>					
a	Starfað er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga:					
b	Skipurit er til staðar:					
c	Markmiðssetning félags/deildar er skýr og til opinberlega:					
d	Hefur starfsskýrslu ÍSÍ verið skilað?					
<b>2</b>	<b><i>Fjármálastjórn:</i></b>					
a	Er bókhald yngri og eldri flokka aðskilið eða stefnt að því?					
b	Er bókhald fyrir einstaka mannvirki aðskilið?					
c	Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir og er skilað til íþróttafulltrúa:					
<b>3</b>	<b><i>Þjálfun og umgjörð þjálfunar og keppni:</i></b>					
a	Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá:					
b	Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ:					
c	Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða:					
d	Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfara:					
e	Æfingatafla liggur fyrir í lok ágúst ár hvert:					
<b>4</b>	<b><i>Félagsstarf:</i></b>					
a	Starfandi er foreldraráð eða ígildi þess og verksvið þess er skilgreint:					
b	Ungt fólk 16-25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins eða félagið er með starfandi ungmennaráð:					
c	Áætlun um félagsstarf liggur fyrir:					
d	Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum:					
e	Félag/deild hefur mótað sér stefnu í umhverfismálum:					
<b>5</b>	<b><i>Jafnréttismál:</i></b>					
a	Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar:					
b	Tekið er tillit til mismunandi þjóðfélagshópa:					
c	Félag/deild hefur sótt um stuðning til að tryggja fötluðu barni þátttöku:					
d	Fræðsla á vegum barnaverndar fyrir þjálfara hefur farið fram á vegum Hafnarfjarðarbæjar:					

**Skýringar:**

+ í lagi, (+) vantar örlítið uppá, / að hluta, (/) er í lágmarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við

Íþróttafulltrúi og ÍBH vinna að eftirfylgt samningsins og gera með sér samkomulag um verksvið hvors aðila. Mat á framkvæmd samningsins skal meðal annars miðast að því að meta hvort íþróttafélag uppfylli ofangreindan matslista. Ef íþróttafélag uppfyllir ekki 90% atriða skal gefa viðkomandi íþróttafélagi tímabundið tækifæri til úrbóta. Verði að þeim fresti loknum ekki búið að uppfylla nægilegan hluta viðmiða hættir Hafnarfjarðarbær að greiða viðkomandi félagi greiðslur vegna þjónustusamnings þangað til ný úttekt hefur farið fram.

Handwritten signature and initials: *OR* and *al. 2. 21*